

HVAÐ
ER AÐ
GERAST
UM

Helgina?

LIST

Gallerí Borg:

Sumarsýning

Í Gallerí Borg hefur verið opnuð sumarsýning. Þar eru til sýnis um 100 myndverk, grafíkmyndir, pastelmmyndir, vatnslitamyndir og teikningar eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar. Einnig eru til sýnis listmunir úr keramik og gleri.

Sýningin verður opin til ágústloka og mun taka einhverjum breytingum frá degi til dags.

Gallerí Borg verður lokað um helgar í júlí og ágúst, nema sérstakt samkomulag komi til við einstaklinga eða hópa.

Kona sem tákn í Skemmumni. Safnið er opið alla daga frá kl. 10.00—17.00.

Norræna húsið:

Gunnlaugur Scheving

Sumarsýning Norræna hússins er á verkum Gunnlaugs Scheving. Öll

verkin á sýningunni eru sjávarmyndir. Sýningin er opin alla daga kl. 14.00—19.00 en henni lýkur 25. júlí.

Norsk grafík

Í anddyri Norræna hússins var opnuð sýning á grafíkmyndum norska listamannsins Guttorm Guttormsgaard sl. mánudag. Sú sýning er opin á venjulegum opunartíma Norræna hússins og stendur til 22. júlí.

Akranes:

Bókasafn Akraness

Sovésk bóka og listmunasýning stendur yfir í bókasafninu. Á sýningunni eru á þriðja hundrad bækur af ýmsu tagi. Einnig eru sýnd veggspjöld, hljómplötur og frimerki. Listmunir eru 27 talsins, öskjur og lakkmyndir.

Sýningin verður opin á afgreiðslutíma safnsins.

Hafnarfjörður:

Menningar og listastofnunin Hafnarborg

Ungverski listamaðurinn Janos Probstner sýnir pastelteikningar í Hafnarborg, menningar og listastofnun Hafnarfjarðar. Probstner hefur dvalist hér á landi um nokkur vikna skeið, og eru myndirnar afrakstur dvalarinnar.

Janos Probstner er fyrsti erlendi listamaðurinn sem sýnir í Hafnarborg. Sýningin er opin kl. 14.00—19.00.

SÖFN

Árbæjarsafn:

Sumarsýning

Sumarsýning Árbæjarsafns var opnuð um síðustu helgi. Hér er um að ræða farandsýningu frá þjóðminjasafni Grænlandinga í Nuuk. Sýndir eru grænlandsku bátarnir qajaq og umiaq.

Sýningin er opin á opunartíma safnsins sem er frá 13.30 til 18.00 alla daga nema mánudaga.

Sædýrasafnið:

Dýrin stór og smá

Sædýrasafnið verður opið um helgina, eins og alla daga, frá kl. 10.00—19.00

Meðal þess sem er til sýnis eru háhyrningar, ljón, ísbjörn, apar, kindur og fjöldi annara dýra, stórra og smárra.


TÓNLIST

Megas og félagar á ferð um landið

Megas er nú á yfirreið um landið ásamt þeim Asgeiri Óskarssyni, Björgvin Gíslasyni, Haraldí Þorsteinssyni og Jens Hanssyni.

Á dagskrá Megasar að þessu sinni eru bæði nýjar og gamlar tónsmíðar. Nokkur lög verða frumflutt í bland við þekkt lög af hljómplötum hans frá liðnum árum.

Megas og félagar munu koma fram á Hótel Akranesi í kvöld, Samkomuhúsinu Vestmannaeyjum á laugardagskvöldið og lokaáfanginn er síðan Garður, Gerðahreppi, á sunnudagskvöldið. Allir tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.



Stúdentaleikhúsið frumsýnir draumleik Strindbergs

Stúdentaleikhúsið frumsýnir sunnudaginn 14. júlí leikritið draumleik eftir Strindberg í þýðingu Sigurðar Grímssonar. Er þetta í fyrsta sinn sem draumleikur er sviðsettur hér á landi. Leikstjóri er Kári Halldór. Söngur og hljóðfærsláttur gegnir veigamiklu hlutverki í þessari sýningu og var öll tónlistin samin sérstaklega af þessu tilefni af Árna Harðarsyni, tónskáldi og stjórnanda Háskóla-kórsins. Lýsingu annast Ágúst Pétursson en hópur ungs myndlistarfólks sér um leikmynd og búninga. Sextán ungir áhugaleikarar koma fram í sýningunni.

Nýlistasafnið:

Douwe Jan Bakker

Hollenski listamaðurinn Douwe Jan Bakker opnaði 5. júlí sl. Sýningu í Nýlistasafninu við Vatnssstíg í Reykjavík.

Bakker hefur haft mikið samneyti við íslenska listamenn bæði hér og í Hollandi en hann er nú staðdur hér í tíunda sinn, kom hingað fyrst 1971. Hann hefur haldið sýningar í Gallerí Súm og Gallerí Sudurgötu 7.

Sýningin í Nýlistasafninu ber heitið „Notes and references“ og er tvískipt; annarsvegar eru verk sem Bakker hefur komið með hingað sérstaklega og hinsvegar verk eftir hann í eigu safnsins. Verkin úr eigu safnsins eru: „A Vocabulary Sculpture in the Icelandic Landscape“ og „Um sérstakt framlag Íslands og íslensks samfélags til sögu byggingarlistarinnar“. Fyrra verkið samanstendur af 72 ljósmyndum af ýmsum fyrirbærum í íslensku landslagi og tilheyrandi nöfnum. Hefur verkið verið sýnt víða.

Sýningin stendur til sunnudagsins 21. júlí og er safnið opið alla daga frá kl. 16.00 til 20.00.

Kjarvalsstaðir:

Rússneskar ljósmyndir af íslenskum listamönnum


Sýning á 164 ljósmyndum af íslenskum listamönnum eftir rússnesk-franska ljósmyndarann Vladimir Sichov verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða á laugardaginn. Sýningin er opin kl. 14—22 til 28. júlí.

Ásmundarsafn:

Konan í list Ásmundar

Nú stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún sýning sem nefnist Konan í list Ásmundar Sveinssonar. Er hér um að ræða myndefni sem tekur yfir mest allan listferil Ásmundar og birtist í fjölbreytilegum útfærslum.

Sýningunni er skipt í fjórar einingar sem sýndar eru í fjórum söllum safnsins: Kona og barn uppi í Kúlunni, Kona og karl niðri í Kúlunni, Kona við vinnu í Pýramidunum og



Listasafn Einars Jónssonar:

Safnahús og höggmyndagarður

Safnahús Listasafns Einars Jónssonar er opið laugardaga og sunnudaga frá klukkan 13.30 til 16.00 og höggmyndagarðurinn sem í eru 24 eirafsteypur af verkum listamannsins er opin sömu daga frá klukkan 11.00 til 17.00.